

# TILLÖGUR AÐ ENDURSKOÐUÐUM SAMKEPPNISREGLUM SÍM

## Inngangur

Skjal þetta hefur að geyma tillögur stjórnar að breytingum á samkeppnisreglum SÍM.

Í skjalinu eru settar fram tillögur að breytingum, en einnig gildandi reglur til samanburðar.

Fylgt er númerum gildandi reglna til þess að einfalda samanburð og rekja breytingar, og til þess að undirstrika að ekki er um að ræða nýjar reglur að öllu leyti heldur fyrst og fremst nauðsynlegar umbætur á þeim sem fyrir eru.

Fylgiskjal með umfjöllun þessari er heildartexti samkeppnisreglnanna sem lagt er til að aðalfundur samþykki.

## Yfirlit yfir helstu breytingar

- Skýrari afmörkun á hlutverki og ábyrgð SÍM annars vegar og verkkaupa hins vegar (1. gr. og ný 1. gr. A).
- Skert á reglum um aðskilnað forvals- og dómnefndar, með afdráttarlausu banni við að sami aðili sitji í báðum (3. og 6. gr.).
- Sjálfstætt og betur skilgreint hlutverk trúnaðarmanns, þar á meðal eftirlitsskylda og virkari úrræði (ný 7. gr.).
- Ný hæfisákvæði fyrir nefndarmenn og trúnaðarmann, með hliðsjón af II. kafla stjórnarsýslulaga (ný 6. gr. A).
- Bann við óskráðum sértækum samskiptum við þátttakendur og krafa um að öll samskipti fari í gegnum trúnaðarmann og fyllsta jafnræðis sé gætt (nýtt ákvæði 7. gr. A).
- Kröfur um skjalfestingu og fundargerðir (nýtt ákvæði 12. gr. A).
- Skylda til skriflegs samþykkis SÍM vegna allra frávika frá reglunum, auk upplýsingaskyldu gagnvart þátttakendum (ný 5. gr. A).
- Áhersla á sjálfstæði dómnefndar en lagt til nýtt ákvæði um staðfestingu trúnaðarmanns á málsmeðferð, eða eftir atvikum staðfestingu stjórnar SÍM, áður en niðurstaða er birt (13. gr.). Um er að ræða öryggisventil til þess að mögulegt sé að bæta úr annmarka á málsmeðferð áður en ferli er lokið.
- Nýtt innra kvörtunarferli vegna athugasemda sem fram koma um samkeppni (ný 18. gr. A).
- Gerðardómsákvæði 19. gr. fellt niður í heild sinni og í þess stað sett ítarlegt ákvæði um sáttameðferð fyrir sjálfstæðum sáttamanni (ný 19. gr.).

## Tillögur að breytingum á einstökum ákvæðum

### 1. gr. – Verkkaupi og ábyrgð aðila

Gildandi texti	Tillaga að breyttu ákvæði
<p><i>Verkkaupi</i></p> <p><i>Samkeppni getur verið á vegum einstaklinga eða lögaðila. Um skipulag og framkvæmd samkeppna skal hafa samráð við stjórn SÍM.</i></p>	<p>Verkkaupi og ábyrgð á framkvæmd</p> <p>1.1. Samkeppni getur verið á vegum einstaklinga eða lögaðila (verkkaupa). Um skipulag og framkvæmd samkeppna skal hafa samráð við stjórn SÍM.</p> <p>1.2. Verkkaupi ber ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd samkeppninnar gagnvart þátttakendum, þar með talið á skipan nefnda, samskiptum við þátttakendur og samningsgerð, nema annað leiði af þessum reglum eða sérstöku samkomulagi við SÍM.</p> <p>1.3. SÍM heimilar verkkaupa að nota samkeppnisreglur þessar og veitir afmarkaða þjónustu samkvæmt þeim, þ.e. samþykki samkeppnislýsingar, tilnefningu fulltrúa í forvals- og dómnefnd og skipun trúnaðarmanns. Verði ekki um annað samið ber SÍM hvorki ábyrgð á heildarframkvæmd samkeppninnar né á ákvörðunum verkkaupa eða nefnda sem hann skipar.</p> <p>1.4. Þegar fleiri en einn aðili stendur að samkeppni sem verkkaupi, t.d. sveitarfélag og lóðarhafi, skal í samkeppnislýsingu tilgreina einn ábyrgan aðila sem er í forsvari gagnvart SÍM og þátttakendum.</p>

#### Rökstuðningur:

Markmiðið er að taka af öll tvímæli um að verkkaupi ber höfuðábyrgð á framkvæmd samkeppninnar gagnvart þátttakendum, og að SÍM veiti afmarkaða þjónustu en taki ekki að sér heildarstjórn verkefnisins. Ákvæðið um forsvar fyrir hönd verkkaupa vísar til þeirrar stöðu sem upp kom á Orkureit þar sem Reykjavíkurborg og lóðarhafi stóðu saman að verkefninu en ábyrgð þeirra á milli var ekki fyllilega skýr.

## 2. gr. – Tilgangur samkeppni (óbreytt)

Lagt er til að 2. gr. um tilgang samkeppninnar haldist óbreytt:

*„Tilgangur samkeppni er að fá fram tillögu að myndlistarverki (eða myndlistarverkum), sem hefur mest listrænt gildi.“*

## 3. gr. – Tilhögun samkeppni

Lagt er til að efni 3. gr. haldist í aðalatriðum óbreytt, en þó verði gert ráð fyrir auknum sveigjanleika varðandi opna samkeppni í einu þrepi þannig að ekki þurfi að vera um að ræða fullunna tillögu, heldur verði fyrirkomulagið að þessu leyti ákvarðað í samkeppnislýsingu. Þá er lagt til að bann við því að

sami aðili sitji í forvalsnefnd og dómnefnd verði fært í sjálfstætt ákvæði í 6. gr. og einnig ítrekað í nýrri 6. gr. A um hæfi. Þá er lagt til að bætt verði við málsgrein um að frávik frá tilhögun samkeppni skuli aðeins gerð með heimild stjórnar SÍM, sbr. nýja 5. gr. A.

Nýtt orðalag um aðskilnað nefnda:

„Forvalsnefnd og dómnefnd skulu ekki skipaðar sömu aðilum, sbr. 6. gr. og 6. gr. A. Óheimilt er að sami einstaklingur sitji í báðum nefndum.“

Um skipan forvalsnefndar er fjallað í grein 6.3.

#### 4. gr. – Þátttakendur

Efni 4. gr. um þátttökurétt og takmörkun á þátttöku dómnefndarmanna er að mestu óbreytt. Þó er órökrétt í fyrri reglum að þeir sem eru í nánnum tengslum við dómnefndarmenn eða aðra sem hlutverki gegna í samkeppnisferlinu sé meinuð þátttaka. Við þær aðstæður ætti dómnefndarmaður að víkja skv. hæfisreglum, og nýr skipaður, og lagt er til að bætt verði við ákvæðið tilvísun til nýrra hæfisreglna í 6. gr. A .

Gildandi texti	Tillaga að breyttu ákvæði
<p><i>Þátttakendur</i></p> <p><i>Í samkeppnislýsingu skal koma fram hverjir megi taka þátt. Hópi eða lögaðila er því aðeins heimil þátttaka að myndlistarmaður sem sjálfur á þátttökurétt sé ábyrgur fyrir þátttöku hópsins eða lögaðilans.</i></p> <p><i>Þátttaka er óheimil dómnefndarmönnum og öðrum sem eru þeim nátengdir. Sama gildir um þá sem dómnefnd leitar til um aðstoð eða sérfræðilegt álit.</i></p> <p><i>Þyki vafi leika á um þátttökurétt skal trúnaðarmaður leita umsagnar SÍM.</i></p>	<p>Þátttakendur</p> <p>4.1. Í samkeppnislýsingu skal koma fram hverjir megi taka þátt. Hópi eða lögaðila er því aðeins heimil þátttaka að myndlistarmaður sem sjálfur á þátttökurétt sé ábyrgur fyrir þátttöku hópsins eða lögaðilans.</p> <p>4.2. Þátttaka er óheimil dómnefndarmönnum, forvalsnefndarmönnum, trúnaðarmanni, og verkefnisstjóra, sbr. 6. gr. A. Sama gildir um þá sem dómnefnd leitar til um aðstoð eða sérfræðilegt álit.</p> <p>4.3. Þyki vafi leika á um þátttökurétt skal trúnaðarmaður leita umsagnar SÍM.</p>

#### 5. gr. – Samkeppnislýsing

Lagt er til að ákvæðið verði endurorðað og að í því komi skýrt fram að í samkeppnislýsingu skuli geta skýrlega um öll frávik frá reglunum sem stjórn SÍM hefur heimilað, sbr. nýja 5. gr. A. Þá er bætt við að samkeppnislýsing skuli vera dagsett.

Gildandi texti	Tillaga að breyttu ákvæði
<p><i>Samkeppnislýsing</i></p> <p><i>Verkkaupi skal, í samráði við trúnaðarmann (sjá grein 7), semja samkeppnislýsingu sem skal vera útfærsla á þessum samkeppnisreglum. Í samkeppnislýsingu skal gerð grein fyrir</i></p>	<p>Samkeppnislýsing</p> <p>5.1. Verkkaupi skal, í samráði við trúnaðarmann, semja samkeppnislýsingu sem skal vera útfærsla á þessum samkeppnisreglum. Samkeppnislýsing skal vera dagsett.</p>

Gildandi texti	Tillaga að breyttu ákvæði
<p>verkefninu og hverjir hafi rétt til þátttöku. Einnig skal kveða á um réttindi og skyldur verkkaupa, dómnefndar, þátttakenda og SÍM.</p> <p>Í samkeppnislýsingu skal eftirfarandi koma fram: boð til samkeppni, upplýsingar um verkkaupa, tilhögun samkeppni, tilgangur og viðfangsefni. Gera þarf skýra grein fyrir forsendum samkeppninnar og skulu markmið, tímasetningar, kostnaðarrámi og innihald verkefnis vera skýr.</p> <p>Samkeppnislýsing skal vera yfirfarin og samþykkt af trúnaðarmanni og SÍM.</p> <p>Með skilum á tillögu, vegna samkeppni, telst þátttakandi hafa samþykkt samkeppnislýsingu og skilyrði hennar.</p>	<p>5.2. Í samkeppnislýsingu skal eftirfarandi koma fram:</p> <p>a) boð til samkeppni og tilgreining verkkaupa,</p> <p>b) tilhögun samkeppni, tilgangur og viðfangsefni,</p> <p>c) markmið, tímasetningar, kostnaðarrámi og innihald verkefnis,</p> <p>d) hverjir hafi rétt til þátttöku, þátttökupóknun og verðlaunafé,</p> <p>e) upplýsingar er snúa að skipan forvalsnefndar og dómnefndar, s.s. hverjir tilnefni fulltrúa,</p> <p>f) réttindi og skyldur verkkaupa, dómnefndar, þátttakenda, trúnaðarmanns og SÍM,</p> <p>g) öll frávik frá samkeppnisreglum sem stjórn SÍM hefur heimilað, sbr. 5. gr. A, ef frávik eru til staðar, og</p> <p>h) ákvæði um meðferð ágreinings, sbr. 19. gr.</p> <p>5.3. Samkeppnislýsing skal vera yfirfarin og samþykkt af trúnaðarmanni og stjórn SÍM áður en samkeppni er auglýst.</p> <p>5.4. Með skilum á tillögu telst þátttakandi hafa samþykkt samkeppnislýsingu og skilmála hennar.</p>

## Ný 5. gr. A – Frávik frá samkeppnisreglum

Lagt er til að bætt verði við sjálfstæðu ákvæði um frávik, þannig að skýrt sé með hvaða hætti ákvörðun um frávik verði tekin og í hvaða tilvikum.

Tillaga að nýju ákvæði:

5. gr. A. Frávik frá samkeppnisreglum

5.A.1. Frávik frá ákvæðum þessara reglna eru aðeins heimil með skriflegu og fyrirfram veittu samþykki stjórnar SÍM.

5.A.2. Heimiluð frávik skulu koma skýrt fram í samkeppnislýsingu, sbr. 5. gr., og kynnt þátttakendum eigi síðar en þegar þeir undirgangast samkeppnislýsinguna. Í undantekningartilvikum eru frávik heimil eftir að samkeppni hefst, enda liggi fyrir skriflegt samþykki stjórnar SÍM, ef ríkar ástæður mæla með því og frávikið raskar ekki jafnræði þátttakenda.

5.A.3. Stjórn SÍM skal við samþykki frávika gæta þess að frávikið grafi ekki undan meginmarkmiðum reglnanna, einkum um jafnræði þátttakenda, sjálfstæði dómnefndar og aðskilnað milli forvals- og dómnefndar.

5.A.4. Verði trúnaðarmaður eða stjórn SÍM vör við að farið hafi verið á svig við þessar reglur gilda úrræði 18. gr. A og 19. gr.

Rökstuðningur:

Núverandi reglur mæla ekki fyrir um hvernig staðið skuli að frávikum, sem skapar svigrúm til óformlegra og óskráðra ákvarðana. Ákvæðið tryggir að (i) öll frávik liggi fyrir skriflega frá þar til bærum aðila, (ii) þau séu gagnsæ gagnvart þátttakendum og (iii) almennt sé ekki heimilt að víkja frá grundvallarþáttum reglnanna.

## 6. gr. – Dómnefnd og forvalsnefnd

Núverandi 6. gr. fjallar einungis um dómnefnd. Lagt er til að ákvæðið verði útvíkkað og fjalli einnig um forvalsnefnd (þar sem hún er skipuð) og að afdráttarlaust bann við að sami aðili sitji í báðum nefndum verði fest í þetta ákvæði.

Gildandi texti	Tillaga að breyttu ákvæði
<p><i>Dómnefnd</i></p> <p><i>Þegar samkeppnislýsing liggur fyrir skal skipa fimm manna dómnefnd skulu tveir dómnefndarfulltrúa tilnefndir af SÍM. Ef um um lítið verkefni er að ræða mega dómnefndarfulltrúar þó vera þrír og einn þeirra tilnefndur af SÍM. Aðra dómnefndarfulltrúa tilnefnir verkkaupi, æskilegt væri ef þeir hefðu sérþekkingu á sviði myndlistar.</i></p> <p><i>Dómnefndarfulltrúar kjósa formann úr sínum hópi. Formaður boðar fundi, sér um fundarstjórn og heldur utan um niðurstöður funda. Hver dómnefndarfulltrúi fer með eitt atkvæði. Til að ákvörðun dómnefndar sé gild þarf samþykki meirihluta hennar.</i></p> <p><i>Rita skal fundargerðir á fundum dómnefndar.</i></p>	<p>Dómnefnd og forvalsnefnd</p> <p>6.1. Þegar samkeppnislýsing liggur fyrir skal skipa fimm manna dómnefnd. Skulu tveir dómnefndarfulltrúar tilnefndir af SÍM. Aðra dómnefndarfulltrúa tilnefnir verkkaupi og er æskilegt að þeir hafi sérþekkingu á sviði myndlistar.</p> <p>6.2. Þegar um er að ræða lítið verkefni má dómnefnd þó vera þriggja manna og einn dómnefndarfulltrúi tilnefndur af SÍM. Stjórn SÍM metur hvort verkefni teljist „lítið“ í þessum skilningi og skal verkefni að jafnaði ekki teljast lítið ef heildarfjárhæð til listsköpunar, er að fjárhæð 20 milljónir króna eða meira (framanritað viðmið skal uppfært, miðað við dagsetningu reglnanna, til raunvirðis samkvæmt breytingum á vísitölu neysliverðs). Með heildarfjárhæð til listsköpunar er vísað til gerðar og uppsetningar á listaverkinu sem valið er, þ.m.t. fyrir efni, aðkeypta vinnu, höfundarlaun og vinnuframlag höfundar.</p> <p>6.3. Þegar samkeppni er háð forvali skal skipa þriggja manna forvalsnefnd. Skal einn forvalsnefndarfulltrúi tilnefndur af SÍM. Aðra fulltrúa tilnefnir verkkaupi.</p> <p>6.4. Óheimilt er að sami einstaklingur sitji bæði í forvalsnefnd og dómnefnd. Frá þessu verður ekki vikið og slíkt frávik fellur ekki undir heimild stjórnar SÍM skv. 5. gr. A.</p>

Gildandi texti	Tillaga að breyttu ákvæði
	<p>6.5. Dómnefndarfulltrúar kjósa formann úr sínum hópi. Formaður boðar fundi, sér um fundarstjórn og heldur utan um niðurstöður funda. Hver dómnefndarfulltrúi fer með eitt atkvæði. Til að ákvörðun dómnefndar sé gild þarf samþykki meirihluta hennar.</p> <p>6.6. Rita skal fundargerðir á öllum fundum forvalsnefndar og dómnefndar, sbr. 12. gr. A.</p>

Rökstuðningur:

Lykilbreytingin er 6.4 sem festir bann við að sami aðili sitji í báðum nefndum, og útilokar að þetta atriði verði háð fráviki, en frávik að þessu leyti hafa sætt verulegri gagnrýni. Þá er ákveðið að mat á því hvenær verkefni kalli á 3 eða 5 manna nefnd, sé háð staðfestingu SÍM. Til þess að tryggja samræmi í skilgreiningu verkefna að þessu leyti, er sett er fram viðmið um fjárhæð, sem uppfært skal miðað við vísitölu neysluverðs.

## Ný 6. gr. A – Hæfi nefndarmanna og trúnaðarmanns

Lagt er til að bætt verði við hæfisákvæði, með hliðsjón af II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

*6. gr. A. Hæfi nefndarmanna og trúnaðarmanns*

*6.A.1. Forvalsnefndarmenn, dómnefndarmenn og trúnaðarmaður skulu uppfylla kröfur um sérstakt hæfi sem taka mið af II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993, eftir því sem við getur átt.*

*6.A.2. Nefndarmaður eða trúnaðarmaður er vanhæfur ef:*

- a) hann sjálfur eða nákomnir aðstandendur eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta af niðurstöðu samkeppninnar,*
- b) hann hefur veitt einum þátttakanda ráðgjöf eða leiðbeiningar umfram aðra um efni eða útfærslu tillögu,*
- c) hann hefur fjölskyldutengsl eða nán viðskipta – eða vinatengsl við þátttakanda sem eru til þess fallin að draga óhlutdrægni hans í efa, eða*
- d) aðrar sambærilegar aðstæður eru fyrir hendi sem eru til þess fallnar að draga óhlutdrægni hans í efa.*

*6.A.3. Nefndarmaður og trúnaðarmaður skulu, áður en störf hefjast, upplýsa um öll tengsl sem geta haft þýðingu fyrir hæfi þeirra, þar á meðal tengsl við verkkaupa, þátttakendur, ráðgjafa og aðra aðila sem geta haft hagsmuni af niðurstöðu samkeppninnar. Bókað skal í fundargerði um hæfismat við upphaf starfa nefndar, sbr. grein 12A.*

*6.A.4. Verði nefndarmaður var við aðstæður á síðari stigum sem valda því að hæfi hans verður dregið í efa skal hann tafarlaust upplýsa nefndina. Sá sem telst vanhæfur skal víkja sæti og tilnefna ber nýjan nefndarmann í hans stað.*

*6.A.5. Trúnaðarmaður skal gæta þess að farið sé eftir reglum þessarar greinar og getur, með bréflægri tilkynningu til stjórnar SÍM, krafist þess að nefndarmaður víki ef ástæða þykir til.*

*Trúnaðarmaður skal gæta að eigin hæfi og gera stjórn SÍM viðvart ef fyrir hendi eru atvik sem valda því að hæfi hans verður dregið í efa.*

Rökstuðningur:

Þótt samkeppnin sé á einkaréttarlegum grundvelli, og stjórnsýslulög gildi ekki beint, eru hæfisreglur II. kafla þeirra eðlilegt viðmið um lágmarkskröfur.

## 7. gr. – Trúnaðarmaður

Núverandi 7. gr. er afar knöpp og lýsir hvorki sjálfstæði trúnaðarmanns né úrræðum hans ef frávik koma upp. Lagt er til að ákvæðið verði endurskrifað í heild.

Gildandi texti	Tillaga að breyttu ákvæði
<p><i>Trúnaðarmaður</i></p> <p><i>Stjórn SÍM skipar trúnaðarmann sem annast samskipti milli verkkaupa, dómnefndar og þátttakenda. Trúnaðarmanni ber að gæta fyllsta hlutleysis og trúnaðar í öllum störfum sínum í samræmi við siðareglur SÍM.</i></p>	<p>Trúnaðarmaður</p> <p>7.1. Stjórn SÍM skipar trúnaðarmann fyrir hverja samkeppni. Trúnaðarmaður gegnir sjálfstæðu hlutverki samkvæmt reglum þessum og er hvorki starfsmaður SÍM né verkkaupa.</p> <p>7.2. Trúnaðarmanni ber að gæta fyllsta hlutleysis og trúnaðar í öllum störfum sínum og uppfylla hæfisskilyrði 6. gr. A.</p> <p>7.3. Hlutverk trúnaðarmanns er:</p> <p>a) að yfirfara og samþykkja samkeppnislýsingu áður en hún er kynnt þátttakendum, sbr. 5. gr.,</p> <p>b) að annast samskipti milli verkkaupa, dómnefndar og þátttakenda og sitja fundi þeirra, sbr. 7. gr. A,</p> <p>c) að sitja fundi forvalsnefndar og dómnefndar og fylgjast með því að farið sé eftir samkeppnisreglum og samkeppnislýsingu,</p> <p>d) að fara yfir rökstuðning dómnefndar og málsmeðferð áður en niðurstaða er birt, sbr. 13. gr.,</p> <p>e) að upplýsa stjórn SÍM tafarlaust um öll möguleg frávik frá reglunum eða annmarka á framkvæmd,</p> <p>f) að gera athugasemdir við verkkaupa og dómnefnd ef ástæða þykir til, og</p> <p>g) önnur störf samkvæmt reglum þessum.</p> <p>7.4. Verði trúnaðarmaður var við frávik frá samkeppnisreglum sem ekki eru heimiluð sbr. 5. gr. A skal hann tafarlaust:</p>

Gildandi texti	Tillaga að breyttu ákvæði
	<p>a) gera skriflega athugasemd við verkkaupa,</p> <p>b) krefjast úrbóta áður en framkvæmd samkeppninnar heldur áfram, og</p> <p>c) tilkynna stjórn SÍM, ef ekki er bætt úr annmarka með fullnægjandi hætti.</p> <p>7.5. Verkkaupi greiðir þóknun trúnaðarmanns samkvæmt samkomulagi sem stjórn SÍM samþykkir. Trúnaðarmaður er ekki háður boðvaldi verkkaupa um framkvæmd starfa sinna.</p>

Rökstuðningur:

Ákvæðið festir í sessi sjálfstæða stöðu trúnaðarmanns, sem hafi skyldur og virk úrræði til þess að gæta hagsmuna myndlistarmanna við framkvæmd samkeppni.

## Ný 7. gr. A – Samskipti við þátttakendur

Tillaga er sett fram um nýtt ákvæði sem skýrir kröfur um samskipti við þátttakendur með það fyrir augum að tryggja jafnræði og gagnsæi.

### 7. gr. A. Samskipti við þátttakendur

7.A.1. Öll formleg samskipti milli verkkaupa, dómnefndar, forvalsnefndar og þátttakenda í samkeppninni skulu eiga sér stað fyrir milligöngu trúnaðarmanns eða með öðrum hætti sem trúnaðarmaður samþykkir og tryggir jafnræði þátttakenda.

7.A.2. Óheimilt er að halda óskráða sérfundum með einstökum þátttakendum eða veita þeim leiðbeiningar eða upplýsingar sem aðrir þátttakendur hafa ekki aðgang að.

7.A.3. Ef nauðsynlegt þykir að halda einstaklingsfundum með þátttakendum, t.d. til kynningar á forsendum verkefnisins, skal trúnaðarmaður vera viðstaddur og rita fundargerð. Sömu upplýsingar skulu veittar öllum þátttakendum.

7.A.4. Fyrirspurnir frá þátttakendum og svör þeim skulu vera nafnlausar og gerðar aðgengilegar öllum þátttakendum.

Rökstuðningur:

Ákvæðinu er ætlað að skýra betur hvernig háttá beri samskiptum við þátttakendur á meðan samkeppni stendur til þess að tryggja jafnræði og að sömu upplýsingar rati til allra þátttakenda. Núverandi ákvæði eru fáorð, en hafa sama markmið.

## 8.–11. gr. – Minni háttar breytingar

Lagt er til að efni 8. gr. (nafnleynd), 9. gr. (verkefnisstjóri) og 11. gr. (kostnaður) haldist óbreytt í aðalatriðum. Þó er bætt við:

- 11. gr.: Nánar um þóknun trúnaðarmanns sérstaklega og áréttað að trúnaðarmaður er ekki háður verkkaupa um störf sín, sbr. 7. gr.

- 9. gr.: Bætt við að verkefnisstjóri sé bundinn sömu hæfisskilyrðum og nefndarmenn, sbr. 6. gr. A.

Vakin er athygli á því að núgildandi reglur fara úr 9. gr. yfir í 11. gr. án nokkurrar 10. gr. – og til þess að gæta að samfellu og rekjanleika er þeirri uppsetningu haldið. Stjórn getur breytt

## 12. gr. – Dómnefndarstarf (lítillaga breytt)

Lagt er til að efni 12. gr. haldist en að bætt verði við málsgrein um að allar bókanir og sérálit skuli koma fram með skýrum hætti, og að trúnaðarmaður fái afrit af fundargerðum jafnharðan.

### Ný 12. gr. A – Fundargerðir

*12. gr. A. Fundargerðir*

*12.A.1. Rita skal fundargerðir á öllum fundum forvalsnefndar og dómnefndar. Í fundargerðum skal m.a. koma fram:*

- a) hverjir sátu fund,*
- b) umfjöllun og tilkynningar um hæfi nefndarmanna, sbr. 6. gr. A,*
- c) allar ákvarðanir sem teknar voru og atkvæðagreiðslur,*
- d) sérálit nefndarmanna ef einhver eru,*
- e) athugasemdir trúnaðarmanns ef einhverjar eru,*
- f) öll frávik frá samkeppnisreglum eða samkeppnislýsingu sem upp koma, og*
- g) valforsendur og rökstuðningur fyrir vali í forvali og lokavali.*

*12.A.2. Trúnaðarmaður fær afrit af öllum fundargerðum nefnda jafnharðan. Stjórn SÍM á rétt á aðgangi að öllum gögnum samkeppninnar komi fram um það beiðni vegna álitafna sem upp kunna að rísa um framkvæmd reglnanna.*

*12.A.3. Verkkaupi varðveitir öll gögn samkeppninnar í að minnsta kosti þrjú ár frá lokum hennar.*

*Rökstuðningur:*

Ákvæðið samræmist hefðbundnu verklagi og almennum kröfum um gagnsæi. Aðgangur stjórnar SÍM að gögnum og skylda til varðveislu gerir SÍM kleift að kanna öll atvik máls ef ágreiningur kemur upp.

## 13. gr. – Álit dómnefndar (efnisbreyting)

Hnykkt er á þeirri meginreglu að niðurstaða dómnefndar sé endanleg að því er varðar faglegt mat, en jafnframt mælt fyrir um skyldu trúnaðarmanns til þess að fara yfir röksemdir og málsmeðferð dómnefndar áður en niðurstaða er birt. Tilgangurinn er ekki sá að trúnaðarmaður endurskoði listrænt mat dómnefndar heldur staðfesta að ákvörðun sé tekin á grundvelli réttmætrar málmeðferðar og rökstuðningur sé veittur sem skýri niðurstöðuna.

Gildandi texti	Tillaga að breyttu ákvæði
<i>Álit dómnefndar</i>	Álit dómnefndar

Gildandi texti	Tillaga að breyttu ákvæði
<p><i>Dómnefnd skal fjalla um allar tillögur sem fullnægja skilyrðum samkeppnislýsingar.</i></p> <p><i>Dómnefnd skal skila skriflegu álitni til trúnaðarmanns, þar sem úrskurður hennar er rökstuddur. Þar skal koma fram almenn umsögn sem tekur mið af fagurfræðilegum, tæknilegum og fjárhagslegum atriðum, umhverfisþáttum og úthlutun verðlaunaþjáringarins. Niðurstaða dómnefndar er endanleg.</i></p>	<p>13.1. Dómnefnd skal fjalla um allar tillögur sem fullnægja skilyrðum samkeppnislýsingar.</p> <p>13.2. Niðurstaða dómnefndar skal sett fram í skriflegu álitni, þar sem úrskurður hennar er rökstuddur. Þar skal koma fram almenn umsögn sem tekur mið af fagurfræðilegum, tæknilegum og fjárhagslegum atriðum, umhverfisþáttum og úthlutun verðlaunaþjáringarins.</p> <p>13.3. Áður en niðurstaða er birt skal trúnaðarmaður fara yfir röksemdir dómnefndar og málsmeðferð. Athugun trúnaðarmanns snýr ekki að listrænu mati dómnefndar. Trúnaðarmaður skal staðfesta skriflega að engar athugasemdir séu fyrir hendi.</p> <p>13.4. Hafi trúnaðarmaður athugasemdir við málsmeðferð eða rökstuðning, sem verkkaupa og dómnefnd telja ekki ástæðu til þess að bregðast við, skal hann koma þeim á framfæri við stjórn SÍM. Stjórn SÍM tekur þá afstöðu til þess hvort:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>a) tilefni sé til athugasemda eða að samþykka að niðurstaðan verði endanleg og birt,</li> <li>b) gera skuli tillögur, ef tilefni er til, að úrbótum sem miða að því að bætt sé úr ágöllum á ferli eða rökstuðningi, eða</li> <li>c) beita úrræðum, ef tillögur til úrbóta skila ekki árangri, sem mælt er fyrir um í 18. gr. A.</li> </ul> <p>13.5. Niðurstaða dómnefndar er endanleg að því er varðar faglegt listrænt mat. Það útilokar þó ekki meðferð ágreinings um annmarka á samkeppnisferlinu, svo sem varðandi hæfi nefndarmanna, brot á samkeppnisreglum eða önnur atriði er varða framkvæmd samkeppninnar, sbr. 18. gr. A og 19. gr.</p>

*Rökstuðningur:*

Í ákvæðinu er sjálfstæði dómnefndar í faglegu mati áréttað, en hins vegar er bætt við vörn gegn annmörkum á framkvæmd samkeppni með því að trúnaðarmaður yfirfari málsmeðferðina. Þá er tekið skýrt fram að endanleiki dómnefndarmats útilokar ekki ágreining um lögmæti. Miðað er við að stjórn SÍM geti í kjölfar ábendinga trúnaðarmanns í reynd stöðvað ferlið til þess að bætt verði úr annmörkum í málsmeðferð. Nefna má sem dæmi, ef í ljós kæmi vanhæfi nefndarmanns, sem lá ekki fyrir áður, gæti komið til álita að breytingar yrðu gerðar á dómnefnd sem fjalla myndi aftur um tillögurnar.

## 14.–17. gr. – Smávægilegar breytingar

Lagt er til að ákvæði um kynningu á niðurstöðu (14. gr.), birtingu (15. gr.), eignarrétt (16. gr.) og samning (17. gr.) haldist í aðalatriðum óbreytt. Þó er lagt til að við 14. gr. verði bætt:

*„Verkkaupa er óheimilt að birta niðurstöðu samkeppninnar fyrir en trúnaðarmaður hefur staðfest skriflega að ekki séu athugasemdir við málsmeðferð, sbr. 13. gr., nema stjórn SÍM hafi staðfest að atvik standi ekki í vegi fyrir því að niðurstaðan verði endanleg og birt.“*

## 18. gr. – Vinna að verkefni að lokinni samkeppni (óbreytt)

Lagt er til að efni 18. gr. haldist óbreytt.

### Ný 18. gr. A – Úrræði vegna frávika frá reglum

Stjórn SÍM hefur lagt til að bætt verði við ákvæði um heimildir SÍM ef tilkynning kemur um frávik frá samkeppnisreglum.

*18. gr. A. Úrræði SÍM vegna frávika*

*18.A.1. Berist stjórn SÍM tilkynning um frávik frá samkeppnisreglum, hvort sem það er frá trúnaðarmanni, þátttakanda eða öðrum, skal stjórn meta hvort tilefni sé til aðgerða.*

*18.A.2. Stjórn SÍM getur, eftir atvikum:*

*a) gert formlega athugasemd við verkkaupa,*

*b) krafist úrbóta áður en framkvæmd samkeppninnar heldur áfram, t.d. að nefndarmaður viki vegna vanhæfis eða að tiltekið skref ferlisins verði endurtekið ef niðurstaða liggur ekki enn fyrir,*

*c) lagt til að samkeppnislýsingu eða ferli verði breytt, eða*

*d) sagt sig frá frekari þátttöku í samkeppninni og dregið heimild til notkunar samkeppnisreglnanna til baka.*

*18.A.3. Ef stjórn SÍM dregur sig út úr verkefni samkvæmt staflið d) er SÍM eftir það ekki ábyrgt fyrir framkvæmd samkeppninnar að neinu leyti og verkkaupa er óheimilt að tilgreina eða lýsa því yfir að samkeppnin sé háð samkvæmt samkeppnisreglum SÍM.*

*18.A.4. Ákvarðanir stjórnar SÍM samkvæmt þessari grein skulu vera skriflegar og rökstuddar.*

*Rökstuðningur:*

Ákvæðið er öryggisventill, sem hugsaður er fyrir algjör undantekningartilvik, þar sem upp koma mjög alvarleg tilvik um frávik frá reglunum. Það veitir SÍM virk úrræði áður en gripið er til óformlegrar ágreiningsmeðferðar samkvæmt 19. gr. og styrkir um leið samningsstöðu SÍM gagnvart verkkaupa.

## 19. gr. – Ágreiningur (heildarendurskoðun: gerðardómur fellur niður, sáttameðferð kemur í stað)

Tillaga er gerð um að fella niður gerðardómsákvæði 19. gr. í heild og setja í þess stað nákvæmt ákvæði um sáttameðferð fyrir sjálfstæðum sáttamanni. Núverandi gerðardómsákvæði er svo óskýrt um aðild, skipan og málsmeðferð að óvíst er hvort það veitir „fullnægjandi réttarvernd“ í skilningi 3. gr. laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma.

Gildandi texti	Tillaga að breyttu ákvæði
<p><i>Ágreiningur</i></p> <p><i>Rísi ágreiningur um framkvæmd samkeppnisreglna SÍM skal leitast við að ná sáttum fyrir tilstilli sáttamanns sem aðilar að málinu koma sér saman um að skipa. Náist ekki lausn með þeim hætti skal málinu skotið til úrlausnar gerðardóms sem skipaður skal einum gerðardómsmanni skipuðum af stjórn SÍM, öðrum skipuðum af verkkaupa en viðkomandi héraðsdómari skal skipa oddamann sem jafnframt verði formaður gerðardóms nema annað sé tekið fram í keppnislýsingu.</i></p> <p><i>Gerðardómur úrskurðar jafnframt um hvor málsaðila skuli bera kostnað við gerðardóminn í hverju máli og hafi til hliðsjónar reglur eml nr. 91/1991, XXI kafla laganna.</i></p>	<p>Ágreiningur og sáttameðferð</p> <p>19.1. Rísi ágreiningur um framkvæmd samkeppnisreglna SÍM, samkeppnislýsingar eða einstakra ákvarðana sem teknar eru í samkeppnisferli skal leita sátta fyrir sjálfstæðum sáttamanni samkvæmt þessari grein.</p> <p>19.2. Aðild að máli samkvæmt þessari grein eiga þeir sem hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn ágreiningsefnisins, þ.m.t. þátttakendur, verkkaupi og eftir atvikum SÍM.</p> <p>19.3. SÍM hefur frumkvæði að sáttameðferð og gerir tillögu að sáttamanni. Samþykki málsaðilar ekki sáttamann innan 14 daga frá því að tillaga er gerð, eða verði ekki samkomulag milli málsaðila um annan, getur hver aðila um sig farið fram á að héraðsdómari dómkveðji sáttamann.</p> <p>19.4. Sáttamaður skal uppfylla almenn og sérstök skilyrði þess að geta orðið héraðsdómari og vera óháður málsaðilum.</p> <p>19.5. Sáttamaður aflar sjónarmiða og gagna frá málsaðilum, fundar með þeim og leitast við að miðla málum. Að þeirri vinnu lokinni leggur sáttamaður fram skriflega sáttatillögu.</p> <p>19.6. Sé sáttatillaga ekki samþykkt af öllum aðilum gefur sáttamaður út skriflegt álit sitt á ágreiningsefninu. Slíkt álit er ekki bindandi en getur verið málsaðilum til leiðbeiningar um stöðu þeirra og hugsanleg næstu skref, þ.m.t. málshöfðun fyrir almennum dómstólum.</p> <p>19.7. Verkkaupi greiðir kostnað við sáttameðferð, þ.e. þóknun sáttamanns og beinan kostnað sem fellur til vegna starfa hans, nema í þeim tilvikum að ágreiningurinn sé augljóslega tilefnislaus eða borinn upp af öðrum ástæðum sem leiða til þess að ósanngjarnt teljist að verkkaupi beri allan kostnað. Í síðarnefndum tilvikum getur sáttamaður mælt fyrir um aðra skiptingu kostnaðar.</p> <p>19.8. Sáttameðferð samkvæmt þessari grein hefur ekki sjálfkrafa frestandi áhrif á framgang samkeppninnar eða samningsgerð í kjölfar hennar. Stjórn SÍM getur þó, með vísan til 18. gr.</p>

Gildandi texti	Tillaga að breyttu ákvæði
	<p>A, krafist þess að framkvæmd verði stöðvuð að hluta eða öllu leyti á meðan sáttameðferð fer fram.</p> <p>19.9. Þessi grein útilokar ekki rétt aðila til þess að bera ágreining undir almenna dómstóla.</p>

*Rökstuðningur:*

Núverandi gerðardómsákvæði hefur þrjá grundvallar veikleika:

- Óvissa um aðild – ekki er ljóst hverjir geta verið málsaðilar, hvort SÍM getur höfðað mál fyrir hönd félagsmanna, og hvar verkkaupi stendur í málinu.
- Vandí við skipun gerðarmanna – ef bæði SÍM og verkkaupi skipa hvor sinn gerðarmann en deilan er í raun á milli þátttakenda og verkkaupa, fer SÍM með gerðarmann sem ætti að vera fulltrúi þátttakenda, sem getur orkað tvímælis um jafnræði, sbr. 7. gr. laga nr. 53/1989.
- Réttarfarslegir ókostir – gerðardómsmeðferð er kostnaðarsöm og þung í vöfum, og niðurstaðan er endanleg með takmörkuðum endurskoðunarheimildum.

Sáttameðferð leysir þessi vandamál: aðild er sveigjanleg og miðast við lögvarða hagsmuni; sáttamaður er einn og óháður (eins og héraðsdómari) og skipan hans er afdráttarlaus (dómkvaðning ef sátt næst ekki um sáttamann); kostnaður er almennt á herðum verkkaupa; og málsaðilar halda áfram rétti sínum til þess að leita til dómstóla. Þetta er einnig mun ódýrari og fljótlegri leið til þess að leysa úr ágreiningi á byrjunarstigi og getur dregið úr líkum á dómsmáli.